



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa desember 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 14. desember 2005

Málefni verslunar. Ákveðið var að kaupa hús með tækjum og tólum að Hafnartanga 4, eign Kauptúns. Gengið verður til samninga við Árna kaupmann um að halda rekstri verslunninnar áfram og gerður samningur þar um sem að Regula mun gera fyrir Skeggjastaðahrepp, einnig mun Regula sjá um kaupsamning.

Bréf barst frá HAUST sem sýnir skiptingu kostnaðar sveitarfélagsins á rekstri HAUST. Árlegt eftirlistsgjald eru 361.455 kr. og sýna kostnaður eru 17.600 kr. samtals eru þetta 319.000 kr. íbúaframlag er 93.010 kr og sorpförgun 46.200 kr. alls 458.265 kr.

Bréf barst frá Siglingastofnun, samgönguáætlun sem afgreidd var á Alþingi þann 11. maí 2005. Teikn á Lofti falið að ganga frá gögnunum og koma þeim til Siglingastofnunar.

Engar athugasemdir hafa borist við aðalskipulag. Gengið verður frá auglýstu aðalskipulagi til staðfestingar.

Fundur 23. desember 2005

Heimild til undirritunar lánessamnings vegna fjármögnunar á framkvæmdum hreppsins, samþykkt samhljóða.

Búið er að undirrita viljayfirlýsingu vegna kaupa á verslunarhúsnæði og verður gengið frá því strax eftir jól.